

Búðardalur, 6. júní 2021

Stefanía Björg Jónsdóttir
Lækjarhvamur 4
370 Búðardalur

Ágæta fræðslunefnd

Ég undirrituð skrifa ykkur hér með bréf til að vekja athygli ykkar á að mér þykir sveitastjórn og fræðslunefnd þurfi að taka til skoðunar að fá iðju- og þroskaþjálfu til starfa við Auðarskóla. Ástæðan fyrir því er að mér finnst nauðsynlegt að Auðarskóli geti komið til móts við þá nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi í námi að halda. Í samræmi við þær sérþarfir sem nemendur hafa til þess að geta stundað nám í samræmi við getu hvers einstaklings fyrir sig.

Samkvæmt reglugerð mennta- og menningamálaráðuneytis nr. 585/2010 *Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla*, eru *nemendur með sérþarfir* skilgreindir: eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Í 4 gr. sömu reglugerða kemur fram *Skyldur sveitarfélaga og réttindi nemenda*.

„Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eða eru vistuð hjá fösturforeldrum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við metnar sérþarfir þeirra og eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Nemendur eiga rétt á:

a. að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í skóla án aðgreiningar án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis,

b. að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur miðað við aldur þeirra og þroska og þeim veitt aðstoð, þar sem tekið er tillit til sérþarfa þeirra og aldurs,

c. að þeir geti nýtt sér viðeigandi samskiptamáta, s.s. táknmál, blindraletur og viðeigandi tækjabúnað, aðlöguð námsgögn, aðstöðu og kennslu til að stuðla að sem bestri menntun, sjálfsstyrkingu og félagsþroska.“

Þá hafa foreldrar heimild til þess að óska eftir þjónustu vegna slíkra sérþarfa barna sinna og kemur fram í 2 kafla 7. gr.

„Telji foreldrar að börn þeirra hafi sérþarfir og þurfi á sérstökum stuðningi í námi að halda geta þeir komið slíkri beiðni á framfæri við umsjónarkennara barnsins eða skólastjórnendur. Hver skóli skal setja sér starfsreglur um meðferð slíkra mála, m.a. um skráningu og varðveislu beiðna foreldra, annað verklag, samstarf og málshraða.“

Í 11. gr. reglugerðar er talað um sérstakan stuðning og einstaklingsnámskrá.

„Sérstakur stuðningur getur falið í sér breytingu á námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla, námsgögnum, námsaðstæðum og/eða kennsluáferðum. Stuðningurinn er skipulagður til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans.

Gera skal rökstudda einstaklingsnámskrá fyrir hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Námskráin skal reglulega endurskoðuð í samstarfi við foreldra og að höfðu samráði við nemendur eftir því sem við verður komið.“

Með því að bjóða nemendum með sérþarfir uppá faglega þekkingu þroskaþjálfara má telja að nemendur muni fá faglegan og viðeigandi stuðning. Þroskaþjálfari stendur vörð um réttindi nemenda og stuðlar að því að þeir fái bestu þjónustuna sem hentar þeirra þörfum og getu hverju sinni. Þroskaþjálfari gerir færni- og þroskamát, setur upp einstaklingsmiðaðan námskrá og þjálfunaráætlun. Þá metur þroskaþjálfari árangur og markmið í samstarfi við aðra starfsmenn skólans. Þroskaþjálfari starfar eftir aðalnámskrá grunnskóla skv. lögum um grunnskóla og reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla auk þeirra stefnu sem viðkomandi skóli starfar eftir.

Með því að bjóða nemendum með sérþarfir uppá faglega þekkingu iðjuþjálfna má telja að nemendur muni eflast í að nýta styrkleika sína til að auka þroska og bætt lífsgæði með því að draga úr áhrifum skertra færni í daglegum athöfnum. Þjónusta iðjuþjálfna í skóla beinist að því að aðlaga umhverfið að nemandanum svo hann geti einbeitt sér betur að námsefninu sjálfu. Iðjuþjálfni vinnur náðið með öðru starfsfólki skólans svo einstaklingsáætlun hvers nemenda taki mið af öllum þörfum, bæði nemandans og skólanámsskrárinnar. Þá er iðjuþjálfni að auka færni og samsvörun nemanda í skólastarfinu, umhverfi nemandans og samræmi á milli eiginleika hans.

Með því að bjóða uppá ofangreinda fagþekkingu í Auðarskóla er grunnskólinn að hjálpa nemendum með sérþarfir að uppfylla frumskilyrði aðstæðna þeirra, að börnin þroskist og dafni meðan þau taka þátt í skólanum og samfélaginu. Með þátttöku sinni eru þau að öðlast leikni, tengjast öðrum og finna tilgang í lífinu. Það eykur sjálfstraust þeirra, þroska, styrkir sjálfsmynd þeirra, býr þau undir og hvetur þau áfram á menntavegi sínum.

Starfsfólk skólans fær aukna þekkingu hvernig sé best að vinna með nemendum með sérþarfir. Þau finna fyrir auknum stuðning fagmenntaðra aðila sem eykur sjálfsöryggi í störfum sínum. Auðarskóli mun því bjóða uppá faglegra starf í tengslum við nemendur með sérþarfir.

Því tel ég að samkvæmt ofangreindum rökum mínum sé ástæða til þess að þessi málefni séu skoðuð betur, til þess að bjóða uppá bættara og faglegra starf fyrir Auðarskóla.

Með virðingarfyllst

Stefanía Björg Jónsdóttir